

Samstarfssamningur um verkefnið

Skóg Vatn: Áhrif skógræktar og landgræðslu á vatnsgæði, vatnshag og vatnalíf



Landbúnaðarháskóli Íslands
Hvanneyri
311 Borgarnesi



Veiðimálastofnun
Keldnaholti
112 Reykjavík



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Líffræðistofnun Háskóla Íslands
Öskju - náttúrufræðahúsi
101 Reykjavík



Rannsóknastöð skógræktar
Mógilsá
116 Reykjavík



Landgræðsla ríkisins
Gunnarsholti
851 Hella



MATÍS ohf.
Skúlagata 4,
101 Reykjavík

SAMSTARFSSAMNINGUR UM VERKEFNIÐ „SKÓGVATN ”

milli lykilþátttakenda í verkefninu frá

**Landbúnaðarháskóla Íslands, Veiðimálastofnun, Háskóla Íslands,
Rannsóknastöðvar skógræktar - Mógilsá, Landgræðslu ríkisins og
MATÍS**

Markmið

Að greina helstu áhrif skógræktar og landgræðslu á vatnsgæði, vatnalíf og vatnsbúskap. Megin viðfangsefnið er að afla grunnþekkingar um áhrif mismunandi gróðurþekju á vatnasviðum á rennsli og efnasamsetningu straumvatns, fæðukeðju og framleiðni þess. Rannsóknirnar beinast einkum að ræktuðum skógum, birkiskógum og landi sem hefur að mestu misst gróðurhulu sína.

Skipulag

Bjarni D. Sigurðsson, LbhÍ, er verkefnisstjóri og er oddamaður í sex manna stýrihópi fyrir verkefnið. Í stýrihópnum sitja auk BDS (LbhÍ), Jón S. Ólafsson (Veiðimál), Gísli Már Gíslason (HÍ), Edda Oddsdóttir (Sr), Franklín Georgsson (MATÍS) og Guðmundur Halldórsson (Lr). Samráðsnefnd er stefnumótandi fyrir verkefnið og ber meginábyrgð á að þátttakendur standi við skuldbindingar sínar um birtingu niðurstaðna, kynningar, framvinduskýrslur, o.s.frv. og hún annast jafnframt daglega stjórn í verkefninu. Ef þörf er á er atkvæðagreiðsla notuð til að skera úr um ákvarðanir í stýrihóp – atkvæði verkefnisstjóra (oddamanns) reiknast tvisvar.

Fjármögnun

Grunnverkefnið SkógVatn hefur fengið loforð um þrjá verkefnastyрки: a) UOOR-styrk 2007-2009 upp á 6.000.000 á ári, b) Norræna verkefnið CAR-ES styrkir verkefnið með 500.000 á ári, c) Hekluskógar styrkja verkefnið með 1.000.000 á ári. Samtals eru því til ráðstöfunar 7.500.000 á ári. Af þessu fé er greiddur launakostnaður meistaranema (hlutastörf), ferðakostnaður þeirra og sérfaðinga og annar útlagður kostnaður við verkefnið, skv. fyrirfram ákveðinni skiptingu milli verkþátta.

Hver stofnun fyrir sig mun bera allan kostnað af launum fastráðinna starfsmanna sinna við verkefnið 2007-2010.

Aðilar samstarfsins eru sammála um:

- a. að hafa samvinnu að rannsóknum á umhverfisáhrifum skógræktar og landgræðslu á vatnshag, vatnsgæði og vatnalíf á næstu árum og afla sameiginlegra styrkja til verkefnisins.
- b. að styrkfé fastra fjármögnunaraðila verði úthlutað árlega til mismunandi stofnana samkvæmt fyrirfram ákveðinni skiptingu. Skipting byggir á verkáætlun þess árs og áætluðum útlögðum kostnaði á árinu. Laun meistaranema greiðist til þeirrar stofnunar sem hefur hann/hana á launaskrá. Hver stofnun sendir LbhÍ reikning fyrir umsaminni upphæð eftir að styrkir hafa verið greiddir inn til LbhÍ og ber síðan ábyrgð á þeim kostnaði sem hlýst af verkþætti á árinu.
- c. að hver stofnun haldi verkefnabókhalda um kostnað og vinnutíma sem fellur á verkefnið og sendi verkefnisstjóra yfirlit þegar eftir því verður leitað.
- d. að skipting styrks geti breyst á milli verkþátta/stofnana á meðan á verkefninu stendur, t.d. ef sýnt er að útlagður kostnaður er meiri eða minni en hlutdeild í styrk fyrra árs.
- e. að hverju undirverkefni verði frjálst að leita frekari fjárstuðnings sem þá nýtist eingöngu því undirverkefni. Þegar slíkar styrkumsóknir eru sendar í nafni SkógVatns skal hafa um það samráð við verkefnisstjóra og stýrihóp.
- f. að öll undirverkefni og nemendur leitist við að kynna niðurstöður sínar á innlendum og alþjóðlegum vettvangi með fyrirlestrum og útgáfu vísindagreina í alþjóðlega viðurkenndum vísindaritum og fagritum á innlendum vettvangi á meðan á verkefninu stendur og eftir verkefnislok.
- g. að allir nemendur sem tengist verkefninu eru hvattir til að birta niðurstöður ritgerða sinna í innlendum og erlendum vísindaritum í samráði við leiðbeinendur sína. Að öllu jöfnu er nemandi fyrsti höfundur þeirrar greinar eða skýrslu og leiðbeinandi / ábyrgðarmaður og aðrir sem leggja beint til verksins meðhöfundar. Nemandi skal hafa skilað handriti að slíkri grein innan sex mánaða frá útskrift frá háskóla sínum. Ef nemandinn skilar handriti að grein ekki fyrir settan tíma er hann skyldugur til að afhenda leiðbeinanda/ábyrgðarmanni/verkefnisstjóra öll gögn og úrvinnslu sem tilheyrir verkefninu. Leiðbeinandinn/ábyrgðarmaður mun þá að öllu jöfnu nýta gögnin til birtingar, að öllum jafnaði með nemandann sem meðhöfund.
- h. að allir lykilþátttakendur sem koma að verkefninu muni birta a.m.k. eina sameiginlega vísindagreina eða skýrslu frá verkefninu, þar sem allir sem koma að rannsóknum sem þar er fjallað um verða meðhöfundar. Fyrsti höfundur verður sá/sú sem mest vinnur í ritun vísindagreinarinnar og leggur mest til verksins.
- i. að koma upp sameiginlegum gagnagrunni fyrir verkefnið til að koma í veg fyrir að gögn tapist. Öllum niðurstöðum skal skila inn til verkefnisstjóra sem sér um að allir samstarfsaðilar verkefnisins fá eintak af gagnagrunninum á geisladiski.
- j. að leita skuli samþykkis stýrihóps, viðkomandi nemanda og ábyrgðarmanna viðkomandi undirverkefna áður en niðurstöður þeirra úr sameiginlegum gagnagrunni eru afhentar aðilum utan verkefnis eða þær birtar. Með þessu er

tryggt að komist verði að samkomulagi um höfundarrétt gagna áður en þau birtast.

- k. að senda verkefnisstjóra heiti, stað og dagsetningu erinda, veggspjalda, skýrslna, vísindagreina eða blaðagreina sem tengjast verkefninu. Að auki skal senda honum afrit af öllum birtum vísindagreinum frá verkefninu og úrklippur af blaðagreinum þar sem verkefnið er nefnt eða niðurstöður þess notaðar. Yfirverkefnisstjóri viðheldur gagnagrunni þar sem þessar upplýsingar verða skráðar.
- l. að halda sameiginlega verkefnisfundi, ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Verkefnisstjóri skal boða til þeirra með minnst tveggja vikna fyrirvara.
- m. að samningur þessi gildi svo lengi sem verkefninu verður fram haldið og hann má endurskoða á löglega boðuðum verkefnisfundum.